



Fundargerð stjórnar SSA nr. **2** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 2. október 2012 kl. 12:30. Fundurinn hófst með hádegisverði á Gistihúsinu á Egilsstöðum. Fundarstaður: fundarsalur Austurbrúar að Miðvangi 2, Egilsstöðum.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn og gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA 15.september 2012. Fundargerðin staðfest
- b) Framkvæmdarráðs SSA frá 11. september 2012. Fundargerðin staðfest
- c) Stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, fundur nr. 799. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- d) Stjórnar SSV, dags. 21. ágúst 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- e) Stjórnar SSNV, dags. 5. september 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- f) Stjórnar SASS, fundur 458 og 459. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- g) Heilbrigðisnefndar Austurlands dags. 12. september 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- h) 27. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara dags. 30. ágúst 2012.
- i) 54. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags tónlistarskólakennara dags. 30. ágúst 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- j) 6. fundar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum dags. 6. september 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- k) 10. fundar skipulagsmálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17. ágúst 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar. Samþykkt að verkefnastjóri leiti eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um þá vegi sem felldir hafa verið út af vegaskrá.
- l) Fundargerð samgöngunefndar SSA dags. 3. september 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- m) Sumarfundar landshlutasamtakanna dags. 14. og 15. júní 2012. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Kynnt var bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis þar sem nefndin býður fulltrúum sveitarfélaga og/eða landshlutasamtaka til viðtals um fjármál dagana 8. 10. 12. og 15. október nk. Samþykkt að formaður og verkefnastjóri fari á fund Fjárlagarnefndar.
- b) Þingmenn Norðausturkjördæmis eru á ferð um kjördæmið og funda með sveitarstjórnnum, stjórn SSA og stjórn Austurbrúar. Stjórn SSA átti fund með þingmönnum 1. október sl. á Hótel Héraði. Farið var yfir málefni landshlutans og þingmönnum kynntar ályktanir aðalfundar SSA sem haldinn var á Borgarfirði eystri 14. og 15. september sl.
- c) Farið var yfir „Drög að skapalóni september 2012“ sóknaráætlunar landshlutana sem sent hefur verið landshlutasamtökum sveitarfélæga til umsagnar. Í drögunum kemur m.a. fram að hver landshluti myndar samráðsvettvang haghafa sem hefur það hlutverk að móta sóknaráætlun og fær aukið vægi við úthlutun opinbers fjármagns. Samþykkt var að samráðsvettvangur SSA í vinnu um „Sóknaráætlunar landshlutana“ verði stjórn og varastjórn SSA. Stjórn, varastjórn og fagråd Austurbrúar. Samþykkt að leita til Austurbrúar um framkvæmd verkefnisins. Verkefnastjóri ræðir við starfsmenn Austurbrúar um verkefnið.
- d) Óskað er umsagnar stjórnar SSA um drög að heilbrigðisáætlun sem liggur fyrir hjá Velferðarráðuneytinu. Samþykkt að Arnbjörg Sveinsdóttir og Valdimar O. Hermannsson fari yfir drögin.

3. Bréf til stjórnar SSA:

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent Innanríkisráðuneytinu umsögn um reglugerð ESB nr. 181/2011, vegna fyrirhugaðrar innleiðingar. Stjórnin tekur undir umsögn sambandsins.
- b) Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024 og umhverfisskýrslu. Fyrir fundinum lág minnisblað með athugasemdum ráðgjafanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga við drögin að landsskipulagsstefnu sem sent hefur verið til Skipulagsstofnunar.
- c) Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur farið yfir drög að greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2013. Í drögunum er gert ráð fyrir því að bundin framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga verði samtals 167,6 m.kr. eða 20.950.000 kr. á hver samtök.
- d) Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis mun hefja umfjöllun um 89. Þingmál, vernd og orkunýtingu landssvæða (rammaáætlun). Í bréfi frá nefndarsviði Alþingis kemur fram að í ljósi þess hve stutt er frá síðasta þingi og að málið hefur ekki tekið verulegum breytingum hyggst nefndi ekki setja málið í umsagnarferil, heldur byggja umfjöllun sína á umsögnum frá síðasta löggjafarþingi.

4. Önnur mál:

- a) Á aðalfundi SSA sem haldinn var á Borgarfirði eystri 14. og 15. september sl. voru samþykktar tillögur um tilhögun aðalfunda SSA.
Samþykkt að Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Blöndal og Þórunn Egilsdóttir gangist fyrir könnun meðal sveitarstjórnarmanna um tilhögun aðalfunda SSA.
- b) Fjögur sveitarfélög hafa tilnefnt fulltrúa í vinnuhóp um refa- og minkaveiðar.
Samþykkt að ítreka tilnefningar frá sveitarfélögunum í starfshópinn.
- c) Lögð var fram dagskrá aðalfundur Eyþings fyrir árið 2012.
- d) Lagt var fram boð framkvæmdarstjóra S.S.S. um að fulltrúi SSA sækir aðalfund samtakana sem haldinn verður dagana 5. og 6. október nk. í Sandgerði.
- e) Kynnt var minnisblað fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eiga sæti í nefnd um endurskoðun vegalaga.
- f) Kynnt var minnisblað fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eiga í nefnd um gerð frumvarps um almenningssamgöngur.
- g) Kynnt var samþykkt aðalfundar SSV sem haldinn var dagana 31. ágúst og 1. september sl. um jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku til almennra nota.
- h) Lagt fram til kynningar bréf sem sent var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um kostnað SSA við framkvæmd samstarfsverkefna.
- i) Stjórnin hefur boðað fulltrúa frá akstursaðilum og fulltrúa frá sveitarfélögum á Austurlandi á fund mánudaginn 8. október til að ræða fyrirkomulag á almenningssamgöngum á svæðinu.
- j) Samkvæmt fyrirkomulagi á málefnum EFTA er forysta SSA, SASS, SSS og Eyþings á EFTA- vettvangi næsta tímabil.
- k) Samþykkt að formaður fari yfir starfslýsingu verkefnastjóra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 16:00
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.